



Viðbragðsáætlun Sinfóníuhljómsveitar Íslands

VIÐBRAGÐSÁÆTLUN GEGN EINELTI, KYNFERÐISLEGRI
OG KYNBUNDINNI ÁREITNI OG OFBELDI.

Viðbragðsáætlunin byggir á stefnu Sinfóníuhljómsveitar Íslands gegn einelti, kynferðislegri eða kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustað.

Viðbragðsáætlun

Sinfóníuhljómsveitar Íslands

Upphaf ferlis

Tilkynning/upplýsingar berast ábyrgðaraðila: mannauðsstjóra eða öðrum stjórnendum í samræmi við stefnu.

- Ábyrgðaraðili spyr þann sem tilkynnir um;
- lýsingu á hegðun
 - hver sé gerandi
 - hvenær hegðun hafi átt sér stað, hvar og hverjir hafi verið viðstaddir
- Ábyrgðaraðili tryggir að allar tilkynningar/upplýsingar séu metnar af utanaðkomandi sérfræðingi/fagaðila.
- Skjölun: Ábyrgðaraðili fer yfir upplýsingar og skjarar.

Óformlegt ferli

Ef meintur polandi tilkynnir og óskar eftir trúnaði og/eða vill ekki hefja ferli þarf utanaðkomandi sérfræðingur/fagaðili, sem mannauðsstjóri er tengiliður við, að meta hvort það sé heimilt. Unnið er með fagaðilum sem hafa þekkingu og reynslu af þessum málaflokk og hafa hæfni til að meta málið. Ef utanaðkomandi aðili metur málið sem svo að það sé áhætta fyrir Sinfóníuhljómsveit Íslands að fara ekki fram með málið, fær meintur polandi sérfræðilegan stuðning. Í framhaldi af því fer fram rannsókn.

Ef heimilt: Rannsókn fer ekki fram og aðeins brugðist við með stuðningi við meintan polanda. Ekki skjalað hver er meintur gerandi og aðrir en ábyrgðaraðili fá ekki upplýsingar um það.

Unnið með stuðning við meintan polanda og mögulega almennar stuðningsaðgerðir í samráði við meintan polanda.

Rannsókn

Ábyrgðaraðili undirbýr rannsókn á því hvort um sé að ræða rökstuddan grun. Setur upp viðtalsáætlun og aflar gagna.

Viðtöl

Ábyrgðaraðili fær til samvinnu sérfræðing til að framkvæma mat og viðtöl eða framkvæmir viðtölin sjálfur, skráir og fær aðstoð við mat.

Viðtöl við meintan polanda og vitni:

Rætt við meintan polanda og vitni. Viðtölin og efni þeirra eru trúnaðarmál og viðmælendum óheimilt að segja frá þeim og ræða málið við meintan polanda eða meintan geranda.

Viðtöl við meintan geranda:

Meintum geranda kynnt málið. Lögð fram samantekt úr viðtölum og gögnum án mats á niðurstöðu. Viðkomandi beðinn um eigin lýsingu á hegðun, stað og stund og hvort einhverjir hafi verið viðstaddir. Þá er óskað eftir öðrum upplýsingum sem viðkomandi telur skipta máli.

Metið er hvort þurfi að tala við fleiri aðila skv. ábendingu meints geranda og hvort viðtal við viðkomandi kalli á annað viðtal við meintan polanda, önnur vitni og að lokum nýtt viðtal við meintan geranda. Aðilum máls er boðið að fá stuðning sérfræðings ef ferlið veldur þeim vanlíðan og álagi.

Mat

Að lokinni rannsókn fer fram mat og niðurstaða fengin. Niðurstaða kynnt fyrir meintum polanda og meintum geranda.

Niðurstaða geymir aðgerðaáætlun með tímaáætlun aðgerða. Meintum polanda og meintum geranda boðin sátt um aðgerðaáætlun ef við á eða kynntar aðgerðir.

Ekki einelti, kynferðisleg- eða kynbundin áreitni eða ofbeldi:

- Aðgerðaáætlun geymir aðgerðir til að greiða úr samskiptum.
- Gefin eru skýr skilaboð um hvernig bæta eigi samskiptin.
- Eftirlit og eftirfylgni skv. aðgerðaáætluninni .
- Meintur gerandi og meintur polandi upplýstir um að málið teljist lokið en sé í eftirfylgni af ábyrgðaraðila.

Einelti, kynferðisleg- eða kynbundin áreitni eða ofbeldi til staðar:

- Áætlun geymir ákvörðun um afleiðingar fyrir geranda;
- áminning eða uppsögn ef við á
 - sáttaferli ef við á, stutt með skýrum skilaboðum um bætt samskipti, eftirlit og eftirfylgni
- Gefin eru skýr skilaboð um bætt samskipti.
- Eftirlit og eftirfylgni skv. aðgerðaáætluninni.
- Gerandi og polandi upplýstir um að málinu sé lokið en sé í eftirfylgni ábyrgðaraðila.

Eftirfylgni

- Stuðningur við málsaðila, fylgst með andlegri líðan og gengi.
- Mat á árangri aðgerða í takt við aðgerðaáætlun. Matið getur falið í sér endurmat aðgerða og hvort að þörf sé á að fara í frekari aðgerðir, t.d. breytingar á starfi, vinnuskipulagi eða öðru.

Tilkynning, upplýsingar berast

Rannsókn

Viðtöl við meintan þolanda, meintan geranda og vitni ef það á við.

Mat

Niðurstöður kynntar þolanda og geranda ásamt aðgerðaráætlun.

Ekki einelti, áreitni, ofbeldi til staðar

Aðgerðaráætlun geymir aðgerðir til að greiða úr samskiptum.

Einelti, áreitni, ofbeldi til staðar

Aðgerðaráætlun geymir ákvörðun um afleiðingar fyrir geranda.

Eftirfylgni

Stuðningur við aðila/þolanda, fylgst með andlegri líðan og gengi.

Mat á árangri aðgerða